

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Nýsköpun sem virkniúrræði

Nafn styrkþega: Vestfjarðastofa

Útdráttur: Nýsköpun sem virkniúrræði var þróunarverkefni sem ætlað var að stuðla að því að auka tækifæri og úrræði fyrir íbúa af pólskum uppruna sem hafa áhuga á að skapa sér sjálf eigin atvinnutækifæri. Innflytjendur virðast ekki sækja þjónustu til atvinnuþróunarfélaga eða annarra sem styðja við nýsköpun í sama mæli og Íslendingar. Ein ástæða getur verið skortur á hvatningu og stuðningi til jafns við aðra íbúa sökum skorts á efni á öðrum tungumálum en íslensku og vöntun á að efni sé sett fram á aðgengilegan hátt. Þetta verkefni er viðleitini í þá átt að breyta þessari stöðu. Gerð voru 4 myndbönd með viðtölum við pólska frumkvöðla á Íslandi. Tekin voru viðtöl og myndböndin klippt og gefin út á vefsíðu hjá Vestfjarðastofu. Um var að ræða þrjá frumkvöðla á höfuðborgarsvæðinu og einn á Ísafirði. Sett var upp pólsk síða á vef Vestfjarðastofu með grunn upplýsingum um þjónustu sem veitt er, myndböndunum og einnig myndböndum um stofnun og rekstur fyrirtækja með pólskum texta. Myndböndunum hefur verið deilt nokkuð á pólskumælandi vefjum á Íslandi og við höfum fengið þakkir fyrir framtakið.

Name of the project: Innovation activities

Name of grantee: Westfjords Regional Office

Project description: In order to draw out stories of entrepreneurs of polish decent in Iceland Westfjords Regional Office had four videos made with stories of four successful polish entrepreneurs. These stories were then distributed through the web and social media. Four entrepreneurs told their stories of setting up and running a business in Iceland. The videos are to be found here: <https://vestfiridir.is/is/pl> along with videos with polish and English subtitles on how to set up and fund a business in Iceland.